Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veitt Sigrúni Jóhannsdóttur réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,

24. janúar 2025.

(2025001963

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Lögmansréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veitt Degi Fannarri Jóhannessyni réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómsstólunum.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,

24. janúar 2025.

(2025001964

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Lögmannsréttindi

Með tilkynningu hefur Grétar Hannesson lagt inn málflutningsréttindi sín og eru þau nú óvirk.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra, 22. janúar 2025.

(2025001988

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Lögmannsréttindi

Með tilkynningu hefur Brynja Hlíf Hjaltadóttir lagt inn málflutningsréttindi sín og eru þau nú óvirk.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,
24. janúar 2025.

(2025001992

Útgáfud.: 28. janúar 2025

Lögmannsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veitt Haraldi Andrew Aikman réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómsstólunum.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra, 20. janúar 2025.

(2025001994

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Fasteigna- og skipasala - innlagt leyfi

Þann 22. janúar 2025 lagði Ólafur Örn Ingólfsson kt. 090651-7819 inn til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu réttindi sín sem fasteigna- og skipasali og fellur því niður frá þeim tíma löggilding hans til fasteigna- og skipasölu.

Kópavogi, 24. janúar 2025.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.

(2025001985

Útgáfud.: 28. janúar 2025

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala

Þann 24. janúar 2025 gaf Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu út löggildingu að nýju til Völu Hauksdóttur, kt. 160467-5259, til þess að starfa sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

Kópavogi, 24. janúar 2025.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.

(2025001997

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá*Nafn:* **Fasteinn slf.***Kt.:* 640125-0120.*Dagsetning samþykkt:* 10. janúar 2025*Heimilisfang:* Jöfursbási 11e, Reykjavík.*Eigendur:* Steinn Andri Viðarsson, kt. 211297-2479, Jöfursbási 11E, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Bryndís Nielsen, kt. 241177-3199, Langholtsvegi 56, Reykjavík, samlagsaðili.*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er Fasteignasala og ráðgjöf ýmiskonar ásamt skyldum rekstri. Einnig fjárfestingar ýmiskonar, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.*Firmaritun:* Ábyrgðaraðili.*Prókúruumboð:* Steinn Andri Viðarsson.

Steinn Andri Viðarsson, kt. 211297-2479, Jöfursbási 11E, Reykjavík, stjórnarformaður Bryndís Nielsen, kt. 241177-3199, Langholtsvegi 56, Reykjavík, meðstjórnandi Framkvæmdastjóri: Steinn Andri Viðarsson kt: 2112972479 Gunnar Freyr Guðmundsson, kt. 110374-4619, Marargrund 18, Garðabæ, löggiltur endurskoðandi. Reykjavík, 24. janúar 2025.

(2025001957

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá*Nafn:* **Mýrar 471 sf.***Kt.:* 630125-0140.*Dagsetning samþykkt:* 27. september 2024*Heimilisfang:* Mýrum, Þingeyri.

Eigendur: Torfi Guðmundur Sigurðsson, kt. 040162-5779, Miðdal 3, Vogum. Vignir Sigurðsson, kt. 070452-4999, Fjarðargötu 14, Þingeyri. Hermann Sigurðsson, kt. 100454-5729, Kópavogstúni 12, Kópavogi. Guðrún Böðvarsdóttir, kt. 101055-5829, Álalind 14, Kópavogi. Sigurleifur Ágústsson, kt. 110854-4559, Sjónarvegi 5, Garðabæ. Valdimar Haukur Gíslason, kt. 300334-7099, Mýrum, Þingeyri. Elínbjörg Snorradóttir, kt. 130939-2529, Mýrum, Þingeyri. Álfheiður Gísladóttir, kt. 141129-5389, Ásholti 2, Reykjavík. Davíð Gíslason, kt. 170241-4529, Löngulínu 34, Garðabæ. Pétur Fjeldsted Einarsson, kt. 180668-5009, Blöndubakka 15, Reykjavík. Gísli Vagn Jónsson, kt. 230559-2019, Eskivöllum 9B, Hafnarfirði. Gunnar Sigurðsson, kt. 120756-5839, Torfufelli 35, Reykjavík..

Tilgangur: Tilgangur félagsins er að eiga og reka bújörðina Mýrar, Ísafjarðarbæ, fastanúmer 212-5901, og landnúmer L140972 og að viðhalda verðmæti jarðarinnar og hlunnindum eins og kostur er. Jörðinni fylgir gamla íbúðarhúsið (byggt 1902) og aðrar byggingar, ræktarland og hlunnindi upp talin í fasteignamati. Einnig fylgir skógrækt innan skógræktargirðingar..

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.*Firmaritun:* Meirihluti stjórnar.*Prókúruumboð:* Gísli Vagn Jónsson.

Stjórnarformaður: Gísli Vagn Jónsson. Meðstjórnendur: Hermann Sigurðsson, Sigurleifur Ágústsson, Valdimar Haukur Gíslason, Ingólfur Hafsteinsson, Flétturima 2, Reykjavík. Varamaður: Torfi Guðmundur Sigurðsson, Pétur Fjeldsted Einarsson. Endurskoðendur/skoðunarmenn: Arnar Freyr Gíslason, kt. 051090-2339, Bröttuhlíð 40, Mosfellsbæ, skoðunarmaður.

Reykjavík, 23. janúar 2025.

(2025001958

Útgáfud.: 24. janúar 2025

Tilkynning um dráttarvexti og vexti af peningakröfum nr. 1/2025

Fyrsti kafli hér að neðan um dráttarvexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda dráttarvextir sem þar eru sýndir í einn mánuð í senn, frá fyrsta degi hvers mánaðar.

Annar kafli um almenna vexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. sömu laga og gilda vextir samkvæmt þessum kafla næsta almanaksmánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist.

Vextir sem breytast eru merktir með stjörnu (*) og innan sviga þar við eru sýndir vextir fyrir breytingu.

I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum

	Vextir alls á ári f.o.m. 1. febrúar 2025
1. Grunnur dráttarvaxta ¹	9,25%
2. Vanefndaálag ²	7,00%
3. Dráttarvextir ³	16,25%

II. Almennir vextir af peningakröfum í krónum.

	Vextir alls á ári f.o.m. 1. febrúar 2025
1. Vextir óverðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁴	8,60%
2. Vextir verðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁴	4,00%
3. Vextir af skaðabótakröfum ⁵	5,73%

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2025, fellur úr gildi tilkynning nr. 12/2024, dags 19. desember 2024, um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

Reykjavík, 21. janúar 2025,
Seðlabanki Íslands.

Þórarinn G. Pétursson.

Gunnar Ormslev Ásgeirsson.

1 Grunnur dráttarvaxta er miðaður við nafnvexti á lánum gegn veði hjá Seðlabanka Íslands.

2 Vanefndaálag er sjö hundraðshlutar, nema um annað sé samið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna.

3 Dráttarvextir eru samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistöku dráttarvaxta, sem eru fyrsta dag hvers mánaðar.

4 Almenna vexti sbr. 3. gr. laganna skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Þegar hundraðshluti eirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Þar sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánunum hjá viðskiptaböndum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða. Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5%, þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“

5 Vextir af kröfum um skaðabætur, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málsl. 4. gr. laganna.

(2025001897

Útgáfud.: 24. janúar 2025

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjavíkur gerir kunnugt:

Mál nr. S-7813/2024:

Ákærandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Ákærði: Qani Zylyftari verður tekið fyrir á dómþingi 13. mars 2025 kl.09.30.

Staður: Dómsalur 201.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 16. janúar 2025.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari.

Ákæra: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Arntit Lazai, kt. 130799-4859, Skeggjagötu 6, Reykjavík, og Qani Zylyftari, fd. 17.12.1991, ríkisborgara Albaníu, fyrir eftirtalin fíkniefnalagabrot:

I.

Gegn ákærðu báðum, með því að hafa fimmtudaginn 21. desember 2023, innandyrna að Digranesvegi 8 og í bifreiðinni IJA89 sem stóð við Digranesveg 8, haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni, 22,60 grömm af amfetamíni, 5,91 grömm af hassi, 12,98 grömm af kókaíni, 480,15 grömm af maríhúana, 3,48 grömm af MDMA kristöllum og 5 stk. af MDMA töflum, sem lögregla fann við leit í og við húsnæðið og í bifreiðinni.

Mál nr. 007-2023-73876.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, með síðari breytingum.

II.

Gegn ákærða Arntit, með því að hafa sunnudaginn 12. febrúar 2023, á bifreiðastæði við Kóngsbakka 12 í Reykjavík og á lögreglustöðinni við Hverfisgötu 113 í Reykjavík, haft í vörslum sínum, 1,5 grömm af kókaíni og 1,78 grömm af maríhúana, sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða. Mál nr. 007-2023-6783.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, með síðari breytingum.

III.

Gegn ákærða Arntit, með því að hafa fimmtudaginn 30. nóvember 2023, í bifreiðinni VZX06, austan við gatnamót Nýbýlavegar og Þverbrekku í Kópavogi, haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni, 89,26 grömm af maríhúana í sölueiningum, sem lögregla fann við leit í bifreiðinni og haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni 3,90 grömm af amfetamíni, 4,30 grömm af kókaíni og 3,11 grömm af hassi sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða.

Mál nr. 007-2023-70257.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er krafist upptöku á samtals 26,50 grömmum af amfetamíni, 18,78 grömmum af kókaíni, 571,19 grömmum af maríhúana, 9,02 grömmum af hassi, 3,48 grömmum af MDMA kristöllum og 5 stk. af MDMA töflum samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum. Einnig er krafist upptöku á Apollo rafmagnshlaupahjólí (munanúmer 624225) sem notað var við sölu fíkniefna, Samsung snjallsíma (munanúmer 622850) sem notaður var við sölu fíkniefna og samtals 70 evrum og 260.000 krónum í reiðufé, sem hald var lagt á skv. 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum og 1. mgr. 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en fjármunirnir eru ætlaður ágóði af sölu ólöglegra fíkniefna.

Skrifstofu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 17. desember 2024.

Pétur Fannar Gíslason aðstoðarsaksóknari.

(2025001898

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-573/2024

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Margrét Harpa Garðarsdóttir fulltrúi.

Ákærði: Sebastian Slazyk verður tekið fyrir á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands sem háð verður í dómsalnum að Austurvegi 4, Selfossi, fimmtudaginn 6. mars 2025, kl. 10.00.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Suðurlands, 23. janúar 2025.

Sólveig Ingadóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Sebastian Slazyk, kt. 280998-5089, Sambyggð 4, Þorlákshöfn

I. fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 4. febrúar 2024, ekið bifreiðinni MU-P05 um Vesturlandsveg við N1 að Ártúnshöfða í Reykjavík, sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 0,62 ‰), uns lögregla stöðvaði þar aksturinn.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

II. fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, mánudaginn 12. febrúar 2024, ekið bifreiðinni OZ-561 um Þorlákshafnarveg í Sveitarfélaginu Ölfusi, sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 2,04 ‰), uns ákærði missti stjórn á bifreiðinni sem hafnaði þar utan vegar og vegfarandi og lögregla komu að.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

III. fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, föstudaginn 19. júlí 2024, ekið bifreiðinni AY-H21 sviptur ökurétti um Þrengslaveg í Sveitarfélaginu Ölfusi, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 1,61 ‰) og óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist kokaín 66 ng/ml), uns ákærði missti stjórn á bifreiðinni sem hafnaði þar utan vegar og vegfarandi og lögregla komu að.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 49. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 99. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi,

19. september 2024.

Grimur Hergeirsson lögreglustjóri.

007-2024-6122.

318-2024-1728.

318-2024-10769.

(2025001986

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Fyrirkall og ákæra**Fyrirkall:**

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-161/2025.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

Ákærði: Ali Abdirahman Mohamoud, fd. 28.08.1994, Sómalía, verður tekið fyrir á dómþingi þriðjudaginn 4. mars 2025 kl. 09.15.

Staður: Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum. Birtingarfrestur er einn mánuður.

Héraðsdómur Reykjaness, 21. janúar 2025.

Auður Bergþórsdóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Ali Abdirahman Mohamoud, fæðingardagur: 28.08.1994, ríkisfang: Sómalía, fyrir misnotkun skjals, með því að hafa, fimmtudaginn 5. desember 2024, í brottfararsal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar framvísað sem sínu vegabréfi, í blekkingarskyni, við landamæravörð og lögreglumenn hollensku nafnskirteini, á nafni Abdi Ali Abdulle, fd. 01.07.1976, númer IK8B8HD32, með gildistíma frá 10.10.2024 til 10.10.2034. Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 22. janúar 2025.

Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

(2025001987

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-574/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Margrét Harpa Garðarsdóttir fulltrúi.

Ákærði: Sebastian Slazyk verður tekið fyrir á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands sem háð verður í dómsalnum að Austurvegi 4, Selfossi, fimmtudaginn 6. mars 2025, kl. 10.03.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Suðurlands, 23. janúar 2025.

Sólveig Ingadóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Sebastian Slazyk, kt. 280998-5089, Sambyggð 4, Þorlákshöfn fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, fimmtudaginn 4. júlí 2024, ekið bifreiðinni AY-H21 sviptur ökurétti um Þorlákshafnarveg við Hafnarveg í Sveitarfélaginu Ölfusi, uns lögregla stöðvaði þar aksturinn.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi, 18. október 2024.

Grimur Hergeirsson lögreglustjóri.

318-2024-9743.

(2025001989

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Innköllun vegna samnings um greiðsluaðlögun

Með ákvörðun umboðsmanns skuldara þann 10. janúar 2025 var samþykkt umsókn

Nafn: Bergsteins Snæs Bjarkasonar/ Elínar Ólafar Sveinsdóttur

Kennitala: 010100-2670/ 06197-2619

Heimilisfang: Fjarðarstræti 4, Ísafirði

um heimild til að leita greiðsluaðlögunar með samningi við kröfuhafa. Undirritaður var skipaður umsjónarmaður með greiðsluaðlöguninni þann 10. janúar 2025. Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur ofangreindum skuldurum að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni innan þriggja vikna frá því að innköllunin birtist fyrri sinni, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (lge.). Vakin skal athygli á því að í 3. mgr. 10. gr. lge., eru gerðar efniskröfur til kröfulýsinga. Þeir kröfuhafar sem njóta veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldurum, án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, skulu tiltaka í kröfulýsingu hvaða skuld eigi þar undir, sbr. 5. mgr. 10. gr. lge. Ef kröfuhafi lýsir ekki kröfu, er kröfuhafa ekki heimilt að hafa afskipti af greiðsluaðlögunarumleitunum og er bundinn af niðurstöðu þeirra. Kröfulýsingar skulu sendar til: Umboðsmanns skuldara, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogi. Óski kröfuhafi eftir að lýsa kröfum með rafrænum hætti skal kröfulýsing send á netfangið ums@ums.is.

Kópavogi, 10. janúar 2025.

Hulda Pétursdóttir lögfræðingur.

(2025001330B

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Innköllun vegna samnings um greiðsluaðlögun

Með ákvörðun umboðsmanns skuldara þann 13. janúar 2025 var samþykkt umsókn

Sam Hewson

Kennitala: 281188-3649

Heimilisfang: Vesturgötu 111, Akranesi.

um heimild til að leita greiðsluaðlögunar með samningi við kröfuhafa. Undirritaður var skipaður umsjónarmaður með greiðsluaðlöguninni þann 13. janúar 2025. Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur ofangreindum skuldara, að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni innan þriggja vikna frá því að innköllunin birtist fyrri sinni, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (lge.). Vakin skal athygli á því að í 3. mgr. 10. gr. lge., eru gerðar efniskröfur til kröfulýsinga. Þeir kröfuhafar sem njóta veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldara, án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, skulu tiltaka í kröfulýsingu hvaða skuld eigi þar undir, sbr. 5. mgr. 10. gr. lge. Ef kröfuhafi lýsir ekki kröfu, er kröfuhafa ekki heimilt að hafa afskipti af greiðsluaðlögunarumleitunum og er bundinn af niðurstöðu þeirra. Kröfulýsingar skulu sendar til: Umboðsmanns skuldara, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogi. Óski kröfuhafi eftir að lýsa kröfum með rafrænum hætti skal kröfulýsing send á netfangið ums@ums.is.

Kópavogi, 13. janúar 2025.

Sara Messíana Sveinsdóttir lögfræðingur.

(2025001348B

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Innköllun - félagsslit Systrabönd sf

Á ályktunarbærum félagsfundi 14. janúar 2025 í neðangreindu sameignarfélagi var ákveðið að slíta félaginu, í samræmi við nr. 50/2007, um sameignarfélög.

Með vísan til 41. gr. laga nr. 50/2007, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum á hendur félaginu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til Ásdísar Bjargar Þórbjarnardóttir Esjurgund 41, 116 Reykjavík, merkt Systrabönd sf.

Félagsmenn hafa ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og félagsmönnum að heimilisfang, á neðangreindum tíma, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Nafn Sameignarfélags

Systrabönd sf.
kt 690915-0490

Félagsfundur

Þriðjudaginn 1. apríl 2025
kl. 10.00

Mosfellsbæ, 14. janúar 2025.
F. h. félagsmanna,
Ásdís Björg Þórbjarnardóttir.

(2025001975A

Útgáfud.: 28. janúar 2025

Innköllun - félagsslit

Á ályktunarbærum félagsfundi 23. janúar 2025 í neðangreindu sameignarfélagi var ákveðið að slíta félaginu, í samræmi við lög nr. 50/2007, um sameignarfélög.

Með vísan til 41. gr. laga nr. 50/2007, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum á hendur félaginu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til Elí Þór Vído Gunnarsson, Unalæk, 701 Egilsstöðum, merktar Dyravarðaðþjónustu Austurlands SLF.

Félagsmenn hafa ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og félagsmönnum að Unalæk, á neðangreindum tíma, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Nafn sameignarfélags

Dyravarðaðþjónusta Austurlands slf.,
kt. 540319-0220

Félagsfundur

Föstudagur 28. mars 2025
kl. 11.00

Egilsstöðum, 28. janúar 2025.
F. h félagsmanna,
Elí Þór Vído Gunnarsson.

(2025002076A

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 24. október 2024 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:

Halla Bergmann Gunnarsdóttir,
kt. 110759-4289,
síðasta heimilisfang:
Blikahólar 2, Reykjavík

Dánardagur:

30. desember 2015

2025001461)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurstræti 12a, 101 Reykjavík.

Reykjavík, 13. janúar 2025.

Rebekka Ósk Gunnarsdóttir lögmaður.

(2025001460B

Útgáfud.: 24. janúar 2025

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 10. janúar 2025 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Betra þak ehf.,
kt. 520516-0500,
Stapasíða 21 c,
Akureyri

Frestdagur:

31. október 2024

Skiptafundur:

miðvikudaginn
26. mars 2025,
kl. 11.00

2025001352)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Klettagerði 4, 600 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Klettagerði 4, Akureyri, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 13. janúar 2025.

Auður Hörn Freysdóttir lögmaður.

(2025001351B

Útgáfud.: 24. janúar 2025

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 6. janúar 2025 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Svörtuloft,
kt. 411015-1060,
Drápuhlíð 28,
Reykjavík

Frestdagur:

20. september 2024

Skiptafundur:

þriðjudaginn
25. mars 2025,
kl. 10.00

2025001357)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Novum lögfræðiþjónustu, Bæjarlind 4, 201 Kópavogi eða á netfang

bjorn@novum.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Bæjarlind 4, Kópavogi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Kópavogi, 13. janúar 2025.

F.h. Ólafs Lúthers Einarssonar lögmanns,

Björn Óskarsson.

(2025001356B

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. desember 2024 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Halldór Björnsson, kt. 110391-3749, Rauðarárstígur 42, Reykjavík	17. desember 2024	mánudaginn 28. apríl 2025, kl. 10.30

2025001447)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Þórsgrata 7, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúli 42, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 13. janúar 2025.

Jóhann Örn Helgason lögmaður.

(2025001446B

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 22. janúar 2025 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Dwarfware ehf., kt. 611119-2400, Höfðabakka 9, Reykjavík	23. október 2024	föstudaginn 4. apríl 2025, kl. 9.30

2025001971)

Icelava Export ehf.,
kt. 540415-0210,

23. október 2024

föstudaginn
4. apríl 2025,

Klapparstíg 9,
Reykjavík

2025001970)

Landris ehf.,
kt. 550812-0100,
Lágmúla 7,
Reykjavík

20. september 2024

2025001969)

kl. 10.00

föstudaginn
4. apríl 2025,
kl. 10.30

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Garðastræti 37, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Garðastræti 37, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 22. janúar 2025.

Eva B. Helgadóttir, lögmaður.

(2025001968A

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 22. janúar 2025 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Hermann Haukur Aspar, kt. 191067-3479, Goðaborgum 8, Reykjavík	20. september 2024	föstudaginn 4. apríl 2025, kl. 11.00
2025001974)		
Sjöund slf., kt. 600706-0550, Uglugötu 7, Mosfellsbæ	20. september 2024	föstudaginn 4. apríl 2025, kl. 11.00
2025001973)		

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Garðastræti 37, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Garðastræti 37, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 22. janúar 2025.

Eva B. Helgadóttir lögmaður.

(2025001972A

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 22. janúar 2025 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bú.

Nafn bú:**Frestdagur:****Skiptafundur:**

Bestir ehf. ,
kt. 430620-1260,
Ferjubakka 8,
Reykjavík

29. nóvember 2024

Þriðjudaginn
15. apríl 2025,
kl. 10.00

2025001981)

Gamli Gaukurinn ehf. ,
kt. 690811-1380,
Tryggvagötu 22,
Reykjavík

1. nóvember 2024

Þriðjudaginn
15. apríl 2025,
kl. 9.00

2025001982)

The Valkyrie ehf. ,
kt. 440124-0110,
Skipholti 19,
Reykjavík

5. desember 2024

Þriðjudaginn
15. apríl 2025,
kl. 11.00

2025001980)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Höfðabakka 9, 6. hæð, 110 Reykjavík eða á netfangið anna@magna.is.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Höfðabakka 9, 6. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 22. janúar 2025.

F.h. Daníels Isebarn Ágústssonar lögmanns,
Anna Kristín Kristjánsdóttir lögmaður.

(2025001979A

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 22. janúar 2025 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bú.

Nafn bú:**Frestdagur:****Skiptafundur:**

27. nóvember 2024

Bjarki Þór Hilmarsson,
kt. 101172-5039,
Nóatúni 25,
Reykjavík

2025001984)

föstudaginn
11. apríl 2025,
kl. 14.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Juris eða á netfangið bjarni@juris.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26 (6. hæð), Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 22. janúar 2025.

Bjarni Aðalgeirsson lögmaður.

(2025001983A

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Höfðabakka 9, 6. hæð, Reykjavík á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:

Oak Travel Service ehf.,
kt. 480818-0160,
Brúnastöðum 54, Reykjavík

Skiptafundur:

17. febrúar 2025,
kl. 11.00

Reykjavík, 23. janúar 2025.

F.h. Guðrúnar Ástu Lúðvíksdóttur lögmanns,
Anna Kristín Kristjánsdóttir lögmaður.

(2025001965

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Höfðabakka 9, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:

Til allra verka ehf.,
kt. 511019-0360,
Þórðarsveig 11, Reykjavík

Skiptafundur:

5. febrúar 2025,
kl. 10.00

Reykjavík, 22. janúar 2025.

F.h. Flóka Ásgeirssonar lögmanns,
Anna Kristín Kristjánsdóttir lögmaður.

(2025001978

Útgáfud.: 24. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 10. október 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 14. janúar 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

ExaltBílar ehf.,
kt. 520822-0380,
Auðbrekku 17, Kópavogi

Lýstar kröfur:

Kr. 37.170.516

Selfossi, 17. janúar 2025.

Aníta Rögnvaldsdóttir lögmaður.

(2025001899

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 23. nóvember 2023 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 21. janúar 2025 samkvæmt 154. gr. laga nr. 21/1991 með því að allar lýstar kröfur voru afturkallaðar.

Nafn bús:

VH-Veitingar ehf.,
kt. 541016-0150,
Vífilstaðavegi, Garðabæ

Lýstar kröfur:

kr. 20.987.967

Reykjavík, 21. janúar 2025.

Þórhallur Bergmann lögmaður.

(2025001960

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 10. október 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. desember 2024 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Lýstar kröfur:

Sportakademían ehf.,
kt. 440810-1010,
Smiðjuvegi 14, Kópavogi

Samtals námu lýstar kröfur í búið kr. 18.883.386

Reykjavík, 20. janúar 2025.
F.h. Styrmis Gunnarssonar skiptastjóra,
Magnús Ingvar Magnússon lögmaður.

(2025001976

Útgáfud.: 28. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 10. október 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. desember 2024 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Málmverk ehf.,
kt. 461216-0130,
Suðurholt 11, Hafnarfirði

Lýstar kröfur:

Samtals námu lýstar kröfur í búið kr. 2.158.333

Reykjavík, 21. janúar 2025.
F.h. Styrmis Gunnarssonar skiptastjóra,
Sigurgeir Valsson lögmaður.

(2025001995

Útgáfud.: 28. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 10. október 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. desember 2024 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Íslandslitir ehf.,
kt. 540121-1090,
Furuhlið 7, Hafnarfirði

Lýstar kröfur:

Samtals námu lýstar kröfur kr. 7.331.097

Reykjavík, 21. janúar 2025.
F.h. Styrmis Gunnarssonar skiptastjóra,
Sigurgeir Valsson lögmaður.

(2025001996

Útgáfud.: 24. janúar 2025

Auglýsing um skipulag - Dalvíkurbyggð

Íbúðar- og þjónustusvæði við Kirkjuveg og Karlsrauðatorg, Dalvík.

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 og breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Kirkjuveg.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti þann 14. maí 2024 að auglýsa breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 skv. 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur m.a. í sér stækkun íbúðarsvæðis 302-ÍB um 0,5 ha á kostnað opins svæðis 308-O og stofnanasvæðis 304-S.

Samhliða er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Kirkjuveg skv. 41.gr skipulagslaga.

Tillagan felur m.a. í sér eftirfarandi:

- Stækkun leikskólalóðar við Karlsrauðatorg 23 um rúmlega 1.200 m².
- Skilgreind er 8.000 m² lóð utan um dvalarheimili við Kirkjuveg. Heimilað byggingarmagn verður 5.000 m² á allt að þremur hæðum.
- Skilgreind er ný tæplega 8.500 m² lóð fyrir parhús á einni hæð við Kirkjuveg 25-27 fyrir íbúa 60 ára og eldri.
- Skilgreind er ný gata sunnan við Karlsrauðatorg 19 og við hana tæplega 2.000 m² lóð fyrir fjögurra íbúða raðhús á tveimur hæðum fyrir íbúa 60 ára og eldri.
- Skilgreind er ný rúmlega 1.400 m² lóð fyrir tíu íbúða fjölbýlishús á 2-3 hæðum fyrir íbúa 60 ára og eldri.

Skipulagsupprætti ásamt greinargerðum má nálgast í afgreiðslu á 1. hæð í ráðhúsi Dalvíkur frá 24. janúar til 10. mars 2025. Tillögurnar munu einnig verða aðgengilegar á heimasíðu Dalvíkurbyggðar og á Skipulagsgátt: skipulagsgatt.is (mál nr. 454/2024 og 456/2024) á sama tíma.

Athugasemdum þar sem nafn, heimilisfang og kennitala sendanda kemur fram má skila á netfangið dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is, bréfleiðis til *Framkvæmdasviðs, Ráðhúsi, 620 Dalvík* eða í gegnum Skipulagsgátt til og með 10. mars 2025.

Dalvík, 24. janúar 2025.

Skipulagsfulltrúi.

(2025001890

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarbær

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 15. janúar sl. að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Suðrhafnar vegna Hvaleyrarbrautar 20, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Breyting felur í sér að heimilað er að byggja á lóðinni sex fjölbýlishús, þriggja til sex hæða með 110 íbúðum. Fjölbýlishúsin tengjast með bílakjallara. Gert er ráð fyrir 200m² af verslun og þjónusturými frá Stapagötu.

Á kynningartíma frá 23. janúar til 10. mars má nálgast tillöguna á vef skipulagsgáttar <https://skipulagsgatt.is/>.

Athugasemdum og/eða ábendingum skal skila rafrænt í gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Ef óskað er frekari upplýsinga um tillögur í kynningu er hægt að senda fyrirspurn á netfangið: skipulag@hafnarfjordur.is.

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.

(2025001959

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Auglýsing um skipulag - Eyjafjörður

Þróun íbúðarbyggðar í Vaðlaheiði – Rammahluti aðalskipulags, samstarfsverkefni Eyjafjarðarsveitar og Svalbarðsstrandarhrepps – auglýsing tillögu.

Sveitarstjórnir Eyjafjarðarsveitar og Svalbarðsstrandarhrepps samþykktu á fundum sínum 3. og 8. október 2024 að vísa skipulagstillögu fyrir rammahluta Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 og Aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020, sem felur í sér breytingu á núgildandi aðalskipulögum, í auglýsingarferli samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tilgangur skipulagsverkefnisins er að móta heildstæða stefnu um þróun byggðar í Vaðlaheiði til framtíðar. Horft er á skipulagssvæðið sem eina heild þrátt fyrir að um tvö sveitarfélög sé að ræða. Markmið skipulagsins er að skipuleggja aðlaðandi og búsetuvæna byggð með dreifbýlisyfirbragði sem falli vel að náttúrulegu umhverfi svæðisins. Stefnt er að því að rammahluti aðalskipulags verði forskrift fyrir gerð deiliskipulagsáætlana og uppbyggingu á svæðinu til framtíðar.

Skipulagstillagan er aðgengileg á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9 Hrafnagilshverfi og á sveitarskrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps, Ráðhúsinu, á heimasíðum sveitarfélaganna, www.esveit.is og www.svalbardsstrond.is og á vef Skipulagsgáttar undir málnúmerum 1066/2023 (Eyjafjarðarsveit) og 1082/2023 (Svalbarðsstrandarhreppur) milli 27. janúar og 10. mars 2025. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri til 10. mars 2025.

Hægt er að koma athugasemdum á framfæri undir málunum á vef Skipulagsgáttar með innskráningu rafrænna skilríkja. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar
Arnar Ólafsson.

(2025001961

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Auglýsing um skipulag - Skorradalshreppur

Tillaga nýs deiliskipulags frístundabyggðar Kiðhúsala í landi Fitja.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti á 201. fundi sínu þann 26. nóvember 2024 að auglýsa fyrir almenningi og öðrum hagsmunaaðilum tillögu deiliskipulags níu frístundalóða í Kiðhúsala í landi Fitja, sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og að sótt verði um undanþágu á d. lið gr. 5.3.2.5. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 hjá innviðarráðherra um fjarlægð byggingarreita frá Skorradalsvegi (508) verði 25 m í stað 100 m. Frístundabyggðin byggðist upp á árunum 1970 til 1983. Um er að ræða lóðirnar Fitjahlið 47, 49, 51, 53, 54, 56, 58, 60 og 62. Skipulagssvæðið er samtals 2,3 ha að stærð og er beggja vegna Skorradalsvegar (508).

Ekki er þörf á lýsingu skipulagsverkefnisins þar sem allar megin forsendur deiliskipulags liggja fyrir í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022 og um er að ræða gamla gróna frístundabyggð.

Vinnslutillaga var kynnt frá 24. janúar til 7. febrúar 2024. Gerðar voru breytingar á tillögunni í samræmi við innsendar athugasemdir og ábendingar, sem fölu í sér að byggingarskilmálum var breytt er varðar vegg- og salarhæð, en hún er gefin frjáls, færslu á lóðamörkum milli Fitjahliðar 54 og 56, og breytingar á köflum 2.7 Veitur og sörp og 2.2 Samgöngur.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins að Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri, 311 Borgarnes, á heimasíðu sveitarfélagsins www.skorradalur.is og á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 27. janúar til og með 10. mars 2025.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma með athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast inn á Skipulagsgáttina undir máli nr. 67/2024 eigi síðar en þann 10. mars 2025.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Skipulagsfulltrúi Skorradalshrepps.

(2025001966

Útgáfud.: 27. janúar 2025

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélaginu Vogum

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti á fundi sínum þann 30. október 2024 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Breiðagerði, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

